



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Kárástígur, vistgata og stæði fyrir hreyfihamlaða á Njálsgötu og Kárástíg.***

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Að Kárástígur verði vistgata.
2. Að tvö stæði á Njálsgötu, vestan gatnamóta við Frakkastíg, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
3. Að eitt stæði á Kárástíg, til móts við hús nr. 1A, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Tillagan er gerð í tengslum við endurgerð Káratorgs. Engin almenn stæði fyrir hreyfihamlaða eru á svæðinu við Káratorg þó þar sé töluvert um verslun og þjónustu. Kárástígur er róleg íbúagata sem endar við torgið. Öll bílastæði í götunni eru merkt með yfirborðsmerkingum.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*

Hjálagt:

1. Skýringarmynd af Kárástíg sem vistgötu (rauð lína) og þremur merktum stæðum fyrir hreyfihamlaða (gulir punktar).

